



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hádegisverði til heiðurs forsætisráðherra Danmerkur
Anders Fogh Rasmussen
Bessastöðum
10. apríl 2003**

Það er með mikilli gleði sem við fögnum forsætisráðherra Danmerkur og frú Anne Mette Rasmussen hér á Bessastöðum, stað sem tengir saman sögu Íslands og Danmerkur á margvíslegan hátt.

Það var hér sem stiftamtmaðurinn, fulltrúi konungsins, sat í aldir. Konungsgarðurinn á Bessastöðum var miðdepill stjórnsýslu í landinu og það var meðal merkari fornleifafunda á síðari árum þegar konungsgarðurinn kom í ljós þegar gólfið hér í borðstofunni, í þessu gamla húsi, var tekið upp fyrir um þrettán árum og við getum því glatt forsætisráðherra Danmerkur með því að hann situr nú í bókstaflegri merkingu ofan á hinum forna konungsgarði. Og reyndar gætum við á eftir gengið niður í fornleifakjallarann og andað að okkur hinni aldagömlu dönsk-íslensku sögu sem hér er varðveitt, já og horft inn í fangaklefan, dýflissuna á Bessastöðum eins og Íslendingar nefndu hann, þar sem ólánssamir landar mínir voru geymdir áður en þeir voru sendir til Kaupmannahafnar þar sem fangelsin voru háþróaðri.

Við getum líka skynjað söguna hér í borðstofunni, því það var hér í þessu herbergi sem kennslan í Bessastaðaskóla fór fram fyrir tæpum tvö hundurð árum en þetta gamla hús var einmitt þá helsta menntastofnun landsins og samræður kennara og skólasveina um endurreisn íslenskrar tungu, um viðbrögðin við stjórn málaatburðum í Evrópu, lögðu grundvöll að sjálfstæðishreyfingu Íslendinga, merkilegasta tímabili í sögu landa okkar, já reyndar einstæðu tímabili í sögu sjálfstæðishreyfingu í veröldinni, því sú barátta var eingöngu háð með orðum, með ræðum og skrifum, með fundum og útgáfum, með tilvísunum í lög og rétt en ekki með vopnum, hvorki byssum né sverðum, enginn lét lífið, enginn var fangelsaður og allir höfðu fullt málfrelsi og rétt til að gera sig gildandi. Algjörlega friðsöm barátta þar sem frændþjóðir fundu smátt og smátt farveg sem reynst hefur báðum farsæll.

Danir hafa verið og eru enn í upphafi nýrrar aldar helsta og mikilvægasta vinabjórð okkar Íslendinga og við munum ætíð um alla framtíð varðveita þakklæti vegna stórmennsku ykkar þegar íslensku handritunum var skilað heim til Íslands. Og enn koma Danir færandi hendi þegar forsætisráðherrann hefur nú afhent Íslendingum fyrstu stjórnarskrána sem eitt af höfuðskáldum Íslendinga nefndi „frelsisrá í föðurhendi.“

Við höfum metið mikils samferð okkar í norrænu samstarfi, tengsl okkar innan NATO, samfylgd á vettvangi hinna Sameinuðu þjóða og samráð við umsköpun Evrópu. Sá drengsskapur, heilindi og hreinskilni sem ávallt hefur einkennt samstarf íslenskra og danskra ráðamanna frá stofnun lýðveldisins hefur verið burðarás í utanríkistefnu Íslands og við vitum að í framtíðinni getum við getum ávallt treyst hinum sérstöku vináttutengslum við Danmörku.

Þótt við Íslendingar höfum kosið að haga tengslum okkar við Evrópusambandið á annan hátt en Danir þá fylgdumst við af athygli og aðdáun með nýlegri formennskutíð Danmerkur. Og ég vil nota tækifærið hér til að óska forsætisráðherra Danmerkur persónulega og ríkisstjórn Danmerkur til hamingju með einstaklega árangursríka formennskutíð, tíma sem ætíð verður tengdur merkjum áföngum í þróun Evrópu á nýrri öld.

Ég vona að heimsóknin nú verði til að veita góðum gestum okkar innsýn í árangur Íslendinga á liðinni tíð og áform okkar í framtíðinni. Og eitt er víst að hvernig sem veröldin kann að velkjast þá mun vinátta Íslands og Danmerkur vera ævarandi

Ég bið ykkur, góðir gestir að lyfta glösum til heiðurs forsætisráðherra Danmerkur Anders Fogh Rasmussen og frú Anne-Mette Rasmussen og til heilla hinu einstaka sambandi Danmerkur og Íslands.